

Heiðarskóli
Vor 2013

Íslenska
Kennari: Anna Jónsdóttir

Lautin

Ólafur Sigurðsson 9.AB

Bókin *Lautin*, eftir Jón Jónsson, kom út árið 2009. Hún hlaut mjög góðar viðtökur og var í hópi söluhæstu barna- og unglingabóka. Bókin er sjálfstætt framhald af *Rjóðrinu* sem kom út árið 2017. Sagan fjallar um systkinin Árna og Ástu sem finna dularfulla laut á landareign afa þeirra og lenda þau í ýmsum ævintýrum.

Sagan hefst í Reykjavík en gerist að mestu leyti á bænum Hofi í Svarfaðardal. Í lautinni komast þau Árni og Ásta einnig inn í ævintýraheim sem er þó á mörkum þess að vera í raunveruleikanum. *Lautin* er samtímasaga sem gerist á um það bil tveimur vikum. Höfundur skrifar í 3. persónu og er alvitur.

Aðalpersónur sögunnar, þau Árni og Ásta, eru systkin úr Reykjavík. Árni er 14 ára, hávaxinn, rauðhærður drengur sem æfir handbolta. Hann er skapmikill og á það til að vera dónalegur sem bitnar einna helst á yngri systur hans Ástu. Þegar líður á söguna kemur þó í ljós að hann er hugrakkur og umhyggjusamur þegar honum tekst að ýta unglingaveikinni til hliðar. Ásta er 12 ára bókaormur. Hún er grannvaxin, með dökkt sítt hár og brún augu. Hún hefur engan áhuga á íþróttum en sekkur sér í ævintýraheim bóka, sem kemur sér vel þegar þau kynnast furðuverunum í lautinni.

Sagan hefst þegar Árni og Ásta eru heima hjá sér að undirbúa dvölinna hjá ömmu þeirra og afa í sveitinni á meðan foreldrar þeirra eru erlendis. Árni er mjög ósáttur við að mega ekki bara vera hjá vini sínum á meðan en Ásta er mjög spennt enda veit hún ekkert skemmtilegra en að vera í sveitinni. Þegar í sveitina er komið gerir Árni ekki annað en að hanga í símanum sínum og vorkenna sjálfum sér. Ásta nýtur sín aftur á móti í botn og eyðir öllum stundum úti við með kettinum Brandi og hjálpar ömmu sinni og afa með húsverkin. Einn daginn fær Börkur afi nóg af fýlunni og letinni í Árna og rekur hann út úr húsi til þess að sækja fyrir hann kýrnar. Árna er ekki vel við kýrnar og hefur ekki hugmynd um hvernig hann á að koma þeim í fjósið svo hann hálfpartinn skipar Ástu að koma með sér og lætur hana í raun um alla vinnuna þegar Börkur sér ekki til. Á leiðinni út á tún dettur hann um þúfu, rúllar ofan í litla laut og slær höfðinu í stein. Hann vankast í smá stund en þegar hann kemur aftur til sjálfs sín sér hann furðulegan náunga bogra yfir sér. Ásta hleypur til hans þegar hún heyrir hann garga af öllum lífs og sálarkröftum. Hún sér álfinn Kelfi bogra yfir bróður sínum og nær að róa þá báða niður. Upp frá þessu lenda þau systkinin í alls kyns ævintýrum, kýrnar og kötturinn Brandur byrja að tala, hrossafluguhér ræðst á þau, þúfubúar gera þeim lífið leitt og fjölskylda Kelfis lendir í lífsháska þegar búálfurinn Björn ætlar að taka yfir heimili þeirra í lautinni. Þá sýnir Árni hvað í honum býr, hættir að rífast og röfla í systur sinni

og vorkenna sjálfum sér og bjargar Kelfi og fjölskyldu hans frá því að verða heimilislaus með því að sýna búálfnum Birni í tvo heimana.

Í lok sögunnar heldur Árni að enginn muni trúa því sem þau systkinin lentu í en afi hans kemur honum skemmtilega á óvart þegar hann segist þekkja Kelfi vel og verður mjög stoltur af afabörnum sínum fyrir að hafa bjargað álfafjölskyldunni frá illkvittna búálfnum Birni. Samband þeirra Árna og Ástu verður líka mun betra. Árni ber mikla virðingu fyrir ævintýraþekkingu Ástu og Ásta fyrirgefur Árna fyrir að hafa komið illa fram við sig auk þess sem hún verður gríðarlega stolt af hetjulegri frammistöðu Árna. Þau fara sæl og glöð heim með foreldrum sínum og bæði hlakka þau til að fara aftur í sveitina til ömmu og afa.

Með sögunni virðist höfundur vilja koma því til skila að öll erum við misjöfn eins og við erum mörg, eigum að fá að njóta okkar eins og við erum og þora að vera við sjálf.

Mér fannst bókin Lautin mjög skemmtileg og spennandi. Hún byrjaði reyndar frekar hægt og Árni fór eiginlega í taugarnar á mér en þegar á leið magnaðist spennan og þá gat ég varla lagt hana frá mér. Ég hef alltaf haft mjög gaman af ævintýrabókum þó að sögur um álfa og huldufólk hafi kannski ekki verið í miklu uppáhaldi en ég get vel hugsað mér að lesa fleiri slíkar. Ég mæli tvímælalaust með þessari bók og bíð spenntur eftir næstu bók Jóns Jónssonar.